

1867.

11. febrúar.

**4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskups-
ins yfir Íslandi, um styrk handa síra Páli Pálssyni,
til þess að kynna sèr kennsluáðferðina í skólanum
handa mállausum og heyrnarlausum.**

Með bréfi dagsettu 16. ágústmán. f. á. hafð þèr, háæru-
verðugi herra, sent hingað bænarskrá frá síra Páli Pálssyni,
sóknarpresti að Kálfafelli í Vestur-Skaptafellssýslu; sækir hann
þar um, bæði að mega ganga kauplaust á skólann handa mál-
lausum og heyrnarlausum í Kaupmannahöfn, til þess að kynna
sèr aðferð þá, sem þar er höfð við kennsluna, og líka um styrk
úr ríkissjóði til þess að borga með kostnaðinn, er ganga mundi
til ferðar hans til Kaupmannahafnar og verunnar þar.

Nú er skrifazt hefir verið á við forstöðumanninn fyrir hin-
num konunglega skóla handa mállausum og heyrnarlausum hèr í
bænum um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið, sjálfum
yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að ekkert
er því til fyrirstöðu, að beiðandanum sè kauplaust gefinn kostur
á að kynna sèr kennsluáðferðina í tæðum skóla, og að stjórnar-
ráðið veitir honum að vera í skólanum ókeypis, það er að segja,
að hann fær þar herbergi, með því sem þar heyrir til, og sama
mat og börnin í skólanum um þriggja mánaða tíma, eins og hann
hefir vikið á, og þar á ofan 300 rd. styrk af fè því, sem veitt
er til óvissra gjalda handa Íslandi, til ferðakostnaðar og til þess
að kosta veru sína hèr í bænum, og loks linun í fararkaupinu
með gufu-póstskipinu, það er að segja 25 rd. í stadinn fyrir
45 rd.

**5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á
Íslandi, um skuld útgefenda „Íslendinga“ til prent-
smiðjunnar í Reykjavík.**

11. febrúar.

Í bréfi 23. maímán. f. á. leitaði dómsmálastjórnin álits
stiptyfirvaldanna um, hvort gjöra ætti rádstafanir til að vernda
landsprentsmiðjuna í Reykjavík fyrir fèmissi útaf skuld þeirri,